

Efni: Umsögn um mál nr.S-184/2021. Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Fyrst ber að nefna að drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu voru ekki send beint til sveitarstjórnar Húnaþings vestra til umsagnar. Þar sem Húnaþing vestra er stór hagsmunaaðili hvað varðar reglugerðir er lúta að landbúnaði, enda er hann einn af grunnatvinnuvegum sveitarfélagsins, verður það að teljast undarleg stjórnsýsla að setja stórt mál á við þetta í umsagnarferli án þess að tilkynna það formlega til hlutaðeigandi aðila.

Hér er tæpt á nokkrum þáttum sem stinga í stúf við yfirlestur draganna, ef vilji er til er hægt að tína til mun fleiri hluti sem eru óeðlilega framsettir.

Í 4. gr. stendur að nýting lands skuli vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir, þær endurheimtar eins og unnt er og að þeim sé viðhaldið. Það er jákvætt að stefnt sé að sjálfbærni lands en hér vantar nánari útskýringar og samráð við hagsmunaaðila varðandi það hvernig sjálfbærni lands er metin.

Í 5. gr. eru lagðar fram meginreglur að því hvernig skuli meta hvort landnýting teljist sjálfbær og ýmsir þættir tilnefndir, en enginn skilgreindur. Hér þarf að liggja til grundvallar vísindaleg skilgreining á því hvernig viðkomandi meginreglur skuli metnar, annars er þessi grein marklaus.

Í 6. gr. er vísað til viðauka, skal hér nefnt að það verður að teljast sérstakt hvað viðaukar þessarar reglugerðar eru miklum mun meira víðtækari en reglugerðin sem slík.

Í 7. gr. er rætt um jarðrækt og akuryrkju. Sagt er að forðast skuli aðgerðir í landbúnaði sem valda breytingum á sýrustigi umfram ákjósanleg mörk ræktunar. Hægt er að velta því fyrir sér hvað þetta þýðir, ef jarðvegur er í dag með lágt sýrustig má þá ekki reyna að hækka sýrustigið eða eru ákjósanleg mörk miðuð við einhverjar ákveðnar plöntutegundir og þá ef svo er, hver eru mörkin?

Í d-lið 7. gr. segir að hlúa skuli að, viðhalda og efla lífrænt efni í jarðvegi og hlýtur búfjáraburður hér að flokkast sem lífrænt efni. Í e-lið sömu greinar segir að hlíta skuli viðmiðum um lágmarksbreidd á grónu, ósnertu landi á milli vatnsfalla og er þetta nánar skýrt í viðauka II. Þessir tveir liðir virðast stangast nokkuð á þar sem annars vegar er sagt að nýta skuli lífræn efni betur og hins vegar settar verulegar skorður við því hvar megi nýta hin fyrrnefndu lífrænu efni. Varðandi i-lið 7. greinar: hvernig á að vera hægt að framfylgja þessu ákvæði hvað varðar til dæmis kornakra og kartöfluakra?

Í b-lið 9. gr. segir að helstu viðmið um umferð fólks séu að ástand landsins hnigni ekki, það er afar jákvætt. Hins vegar segir í texta viðkomandi greinar varðandi það hvort landið þoli umferð: „jarðvegur sést ekki, eða lítið, á álagsflötum“. Gott væri að fá útskýringu á því hvað þessi setning þýðir þar sem í þessum drögum lítur þetta orðfæri þannig út að það sé talið jákvætt að jarðvegur sjáist svo gott sem ekki. Hér þarf að vanda málfar betur.

Enn og aftur er vísað til viðauka og það er hér með ítrekað að það lítur óeðlilega út að viðaukar með reglugerðum séu umfangsmeiri en reglugerðirnar sjálfar.

Viðauki I

Í C-I-lið í viðauka I er lagt til að brattar brekkur, vötn og árfarvegir og land með undir 20% af æðplöntupekju ættu ekki að flokkast sem sjálfbært beitarsland. Það vantar hins vegar hið fyrsta allan rökstuðning fyrir þessu vali og í öðru lagi er það gersamlega óljóst hvernig á að framkvæma þessa flokkun. Ef ætti að fara út í ytrustu túlkun á þessum skilgreiningum er ekki annað að sjá en að stærsti hluti landsins sé talinn ósjálfbær enda þekkt að landið er þakið hólum og hæðum sem hafa verið beittir í gegnum tíðina að skaðlausu en yrðu samkvæmt þessum skilgreiningum skilgreindir sem ósjálfbærir. Hér þurfa vísanir í ritryndar greinar varðandi viðfangsefnið að fylgja með.

Í C-IV lið í viðauka I er sagt að land sé í ósjálfbærri nýtingu af ýmsum hlutum, meðal annars ef það er í yfir 30 gráðu halla og þar sem nýting hefur fyrrsjáanlega neikvæð áhrif á náttúrufer. Hér virðist sem verið sé að setja verulegar skorður við nýtingu ekki einungis afrétta heldur heimalanda bænda að auki þar sem það er algerlega ókortlagt hversu margar jarðir landsins innihalda svæði sem eru í meira en 30 gráðu halla. Það má velta fyrir sér hvort ætlast sé til að hver hóll og holt sér girtur af til að mæta þessum viðmiðum og verður ekki séð hvernig slík framkvæmd yrði umhverfisvænni en það fyrirkomulag sem er viðhaft nú til dags.

Viðauki II

2. gr. viðauka II er illa orðuð og er erfitt að segja neitt um þennan texta fyrr en búið er að laga hann að íslensku málfari.

Í 4. gr. viðauka II segir að það skuli leitast við að hálmur sé saxaður niður í jörð frekar en að vera tekinn af akri, ef þetta ákvæði nær fram að ganga eru það miklar búsifjar fyrir kornbændur þar sem hálmur er verulega verðmætur undirburður. Ekki verður séð af drögum þessum að framreiddar séu aðrar lausnir til að mæta þessu tapi á verðmætum.

Viðauki III

Þarna virðist sem sé verið að ganga á rétt sveitarfélaga til að hafa um sín eigin skipulagsmál að ræða. Eftirlitskylda er sett á sveitarfélög og óljóst er hver á að standa straum af þeim kostnaði, þetta þyrfti að skoðast betur.

Viðauki IV

Hér endurspeglast sú tilfinning sem kom fram í drögnum öllum, fólki landsbyggðanna virðist ekki vera treyst til að gæta landsins eins og verið hefur um aldir. Hér verður hins vegar lýst þeirri skoðun að fólkið sem byggir og yrkir landið er það fólk sem er best treystandi til að viðhalda og varðveita landið.

Að lokum

Það er ástæða til að leggja áherslu á að það eru ýmsar þversagnir í þessum drögum að reglugerð og sömuleiðis ástæða til að velta því upp hvort þessi drög að reglugerð standist gagnvart þeim lögum sem vísað er í. Þess skal að auki getið að sveitarfélög á landsbyggðunum eru virkilega hlynnt hvers kyns náttúruvernd enda er náttúran í öllu sínu veldi lifibrauð landsbyggðanna.

Hið minnsta þarf að skoða þessa reglugerð mun betur áður en lengra verður haldið. Auðvelt er að tiltaka fleiri vankanta á reglugerð þessari en hér verður staðar numið að sinni.

Þá má nefna að ýmislegt sem er tilgreint sem skyldur hér eftir í þessum drögum eru þættir sem bændur eru nú þegar að ástunda í sínum búskap, svo sem bætt nýting búfjáraburðar og minni notkun tilbúins áburðar, má því velta fyrir sér hví var talin þörf á að festa þessi atriði inn í reglugerð.

Að lokum skal þess getið að það væri mögulega skynsamlegt af ráðuneytum sem eiga við hagsmuni landsbyggðanna að eiga að ræða við alla aðila sem eiga hagsmuna að gæta áður en reglugerðir eru samdar og birtar, enda gera stjórnsýslulög ráð fyrir að slíkt samráð sé viðhaft.

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra


Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri

